



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SIGLING DUFFERINS LÁVARÐAR GJÖF TIL ÍSLENDINGA**

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, mun í dag, miðvikudaginn 12. júlí, kl 15:00 taka á móti hópi breskra skútukarla sem siglt hafa til Íslands á 10 skútum í tilefni af því að 150 ár eru liðin frá siglingu Dufferins lávarðar til Íslands. Sú sigling og bréf Dufferins eru einstæð heimild um íslenskt þjóðlíf um miðbik nítjándu aldar.

Lafði Dufferin, síðasti afkomandi Dufferins lávarðar, mun við þetta tækifæri afhenda forseta Íslands og íslensku þjóðinni sérstaka gjöf. Viðstaddir verða einnig félagar í Siglingasambandi Íslands.

*12. júlí 2006*

*Nánari upplýsingar veitir skrifstofa forseta Íslands (540 4400)*